

Knattspyrnudeild FH
Viðar Halldórsson, formaður aðalstjórnar FH
Kaplakriki
220 Hafnarfjörður

Efni: Bréf knattspyrnudeildar FH dags. 25. júlí 2023

Með bréfi þínu f.h. knattspyrnudeildar FH dags. 25. júlí sl. til áfrýjunardómstóls KSÍ er farið fram á að áfrýjunardómstóll KSÍ aflétti félagaskiptabanni því sem deildin er í sem ákvarðað var í dómi dómstólsins þann 15. júní 2023 í máli nr. 3/2023.

Af fyrrnefndu bréfi knattspyrnudeildar FH og með vísan til þeirra fylgiskjala sem fylgdu bréfinu verður ekki annað séð en að knattspyrnudeild FH hafi sýnt fram á að hafa fullnægt þeim forsendum sem fram koma í dómi áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 3/2023. Með vísan til ákvæða laga og reglugerða KSÍ og þá einnig FIFA Disciplinary Code sem er þeim til fyllingar er félagaskiptabanni knattspyrnuliðs FH í meistaraflokki karla samkvæmt dómi áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 3/2023 hér með aflétt.

Reykjavík, 28. júlí 2023

Feldís Lilja Óskarsdóttir, formaður [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]